

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 13.3.2023
UST202203-073/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Hvalfirði, geymir T0130 (nr. 9)

Umhverfisstofnun barst þann 2. janúar 2023, þykktarmæling á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Hvalfirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0130 og eigendanúmerið 311.09.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Litla-Sandi, Hvalfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1963.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., í júlí 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður hljóðbylgjuskanni á nokkrum svæðum.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-MFL-GEYMIR-9-T0130-9-2022 frá HD ehf., að geymirinn sé ómálaður að hluta að innan en sé í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Gólf ásamt neðsta umfarinu sé tært að innan og á einum stað mátti finna tæringu sem hafði efnisþykkt undir 3mm eða 2,8mm. Öll tæringarsvæði sem fundust með segulsviðsskanna voru slípuð hrein og síðan mæld með hljóðbylgjuskanna. Settar voru viðgerðarplötu á gólf geymis og var það framkvæmt af viðgerðarteymi Olíudreifingar og/eða verktökum á þeirra snærum. Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri